14. september 2020

# Barnvænt Ísland: Hvernig gerum við réttindi barna að veruleika?

Hjördís Eva Þórðardóttir
Verkefnastjóri Barnvæns Íslands

**Stjórnarráð Íslands**
Félagsmálaráðuneytið



# Barnasáttmálinn

- Staðfestur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989
- Fullgiltur af Alþingi 1992 og lögfestur 2013
- Tryggir börnum umfangsmikil réttindi sem eru óháð réttindum fullorðinna
- Umönnun, vernd og þátttaka
- Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna
- Grundvallarforsendur:
  - 2. grein: Jafnræði bann við mismunun
  - 3. grein: Það sem barninu er fyrir bestu
  - 6. grein: Réttur barns til lífs og þroska
  - 12. grein: Þátttaka barna

# Staða Barnasáttmálans á Íslandi

- Staða barna og réttinda þeirra almennt talin góð
- Mikilvægt að lyfta fram réttindum, þörfum og velferð viðkvæmra hópa barna
- Ómarkviss innleiðing sáttmálans:

  Takmörkuð þekking

  Sáttmálinn sjaldan settur í samhengi við verkefni opinberra aðila eða daglegt líf barna

  “Verkfæri” sáttmálans og kröfur Barnaréttarnefndar SÞ lítið þekkt

  Hlutverk ríkis og sveitarfélaga

# Þekking á Barnasáttmálanum: Börn í 5.-7. bekk



# Þekking á Barnasáttmálanum: Börn í 5.-7. bekk









Where, after all, do universal human rights begin? In small places, close to home--so close and so small that they cannot be seen on any maps of the world. ... Unless these rights have meaning there, they have little meaning anywhere.

*Eleanor Roosevelt*

environmentalillnessnetwork.tumblr.com

# Innleiðing Barnasáttmálans

# Innleiðing Barnasáttmálans
# Ólíkar hliðar






# Innleiðing Barnasáttmálans

- Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna
- Ábendingar Barnaréttarnefndarinnar
- Ríkur vilji stjórnvalda til að Íslandi uppfylli ýtrustu kröfur Barnasáttmálans



# Kröfur til aðildarríkja

- Heildstæð stefna um innleiðingu Barnasáttmálans
- Samræmingaraðili innan Stjórnarráðsins
- Löggjöf í samræmi við Barnasáttmálann
- Lögfesting Barnasáttmálans og fullgilding valkvæðra bókana
- Hagsmunamat út frá réttindum barna (Child Rights Impact Assessment)
- Fjárlög greind með tilliti til réttinda barna
- Tölfræðigögn
- Þekking á Barnasáttmálanum
- Samstarf við sveitarfélög og grasrót
- Óháður eftirlitsaðili – Umboðsmaður barna



# Barnvænt Ísland: Stefna um innleiðingu Barnasáttmálans

- Stýrihópur Stjórnarráðsins um málefni barna hefur leitt þróun stefnu um innleiðingu sáttmálans síðastliðið ár, undir forystu félagsmálaráðuneytisins
- Stefnan miðar að því að uppfylla ýtrustu kröfur Barnaréttarnefndar SÞ um innleiðingu Barnasáttmálans
- Drög kynnt í samráðsgátt á vordögum 2020
- Næstu skref: ítarlegt samtal við hagaðila og börn og ungmenni
- Þingsályktunartillaga: Stefna og aðgerðaáætlun kynnt á haustþingi 2020

# Barnvænt Ísland: Stefna um innleiðingu Barnasáttmálans

1. Samræming þátttöku, hagsmunamats og innleiðingar réttinda barna
   - **Markmið**: Að samræma framkvæmd meðfylgjandi stefnu, með því að fela tilteknum aðila eða stofnun það hlutverk.
2. Lagabreytingar og alþjóðlegar skuldbindingar er varða börn
   - **Markmið**: Að tryggja aukið samræmi milli greina Barnasáttmálans og íslenskrar löggjafar ásamt því að uppfylla frekari alþjóðlegar skuldbindingar er varða réttindi barna.
3. Hagsmunamat út frá réttindum barnsins (e. *Child Rights Impact Assessment, CRIA*)
   - **Markmið**: Að hagsmunamat út frá réttindum barnsins verði innleitt með markvissum hætti og að slíkt mat verði hluti af skyldubundnu ferli við undirbúning lagafrumvarpa og stefnumótandi ákvarðana.



# Barnvænt Ísland: Stefna um innleiðingu Barnasáttmálans

4. Fullgilding þriðju valfrjálsu bókunarinnar við Barnasáttmálann
   - **Markmið**: Að börn geti leitað til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna með mál sín.
5. Réttindi barna – stuðningur, ráðgjöf og aðstoð
   - **Markmið**: Börn og/eða foreldrar þeirra geti leitað stuðnings og ráðgjafar hjá opinberum aðila sem aðstoðar þau við að leita réttar síns innan kerfisins ef þau telja að á rétti sínum sé brotið.
6. Fræðsla um þátttöku og réttindi barna
   - **Markmið:** Að tryggja þekkingu barna, almennings og opinberra starfsmanna/fagstétta á réttindum barna og skyldum stjórnvalda samkvæmt Barnasáttmálanum.

# Barnvænt Ísland: Stefna um innleiðingu Barnasáttmálans

7. Þátttöku- og barnaréttindafulltrúar innan opinberra stofnana
   - **Markmið**: Að þátttöku- og barnaréttindafulltrúar starfi innan opinberra stofnana og sveitarfélaga.
8. Farsældarmælaborð – tölfræði um velferð og réttindi barna á Íslandi
   - **Markmið**: Tölfræðigögnin séu aðgengileg í mælaborði og hafi markviss áhrif á stefnumótun og forgangsröðun verkefna og fjármuna.
9. Greining útgjalda hins opinbera með tilliti til velferðar og réttinda barna
   - **Markmið**: Að þróa og innleiða verklag sem miðar að því að greina fjárlög út frá réttindum og velferð barna, með sérstakri áherslu á að skoða úthlutun fjármagns til þjónustu og verkefna fyrir viðkvæma hópa barna.

.





# Barnvænt Ísland: Stefna um innleiðingu Barnasáttmálans

10. Samráðsvettvangur barna og ungmenna við stjórnvöld á Íslandi
    - **Markmið**: Vettvangur fyrir markvisst samráð stjórnvalda við ungmennaráð, ráðgjafahópa og ungmennasamtök á landsvísu.
11. Samráðsgátt stjórnvalda og aðgengi barna að upplýsingum
    - **Markmið**: Að samráðsgáttin verði vettvangur þar sem börn og ungmenni geti með auðveldum hætti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og sótt upplýsingar.
12. Barnvæn sveitarfélög
    - **Markmið**: Að öll sveitarfélög á Íslandi verði barnvæn sveitarfélög og innleiði réttindi barna með markvissum hætti.

# Barnvænt Ísland: Stefna um innleiðingu Barnasáttmálans

## 13. Skólar og frítímastarf innleiði réttindi barna í starf sitt

- **Markmið**: Að á næstu tíu árum sæki öll börn á leik- og grunnskólaaldri á Íslandi formlega og óformlega menntun sína innan stofnana sem hafa unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmálann inn í starf sitt


Children are not the people of tomorrow, but people today. They are entitled to be taken seriously. They have a right to be treated by adults with tenderness and respect, as equals. They should be allowed to grow into whoever they were meant to be - The unknown person inside each of them is the hope for the future.
— Janusz Korczak —
AZ QUOTES